

10. fundur starfshóps um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda. Haldinn kl. 16:15, 20.maí 2015 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir,formaður, Karólína Helga Símonardóttir, Fjölur Sæmundsson, Hörður Svavarsson, Adda María Jóhannsdóttir, Guðmundur Sverrisson, Geir Bjarnason og Atli Þórsson sem ritaði fundargerð.

1. Breytt fyrirkomulag heildagsskóla
F.H. og Haukar eru mjög jákvæð í að taka að sér rekstur frístundarheimilis samkvæmt drögunum að nýja skipulaginu. Helga og Geir fara yfir drögin og koma með á næsta fundi starfshópsins.
2. Tillögur um breytingar á gjaldskrá.
Rætt var um gjaldfrjálsan 6 tíma leikskóla.
Starfshópurinn ákvað að senda tillögur hópsins til úrvinnslu og kostnaðarmats hjá rekstrarstjórum fræðslu- og fjölskyldusviðs.
Starfshópurinn leggur áherslu á að eftir að tillögurnar hafa verið kostnaðarmetnar verða þær teknar til frekari skoðunar hjá gjaldskrárhópnum.
Starfshópurinn leggur ennfremur áherslu á að skoðað verði sérstaklega með sviðsmyndum hvernig framkomnar tillögur koma út fyrir mismunandi samsettar fjölskyldur þannig að hægt sé að skoða „heildargreiðslubyrði“ barnafjölskyldunnar í Hafnarfirði út frá tillögum starfshóps. Einnig verði gerður samanburður á núverandi fyrirkomulagi og framkomnum tillögum að breytingum.
Einnig lagði starfshópurinn til að hámarksaldur varðandi niðurgreiðslu á íþróttaiðkun yrði hækkaður úr 16 ára í 18 ára.

Fundi slitið kl. 17:30.